

Skóla - akur



Vefrit um skólamál 9. tbl. 6. árg. 10. maí 2012

Bókasafn Oddeyrar-skóla fær úthlutun frá Skólasafnasjóði.

Árið 2010 stofnaði Félag íslenskra bókaútgefenda Skólasafnasjóð, en félagið veitir táknræna styrki til skólabókasafna. Styrkimir eru fyrst og fremst ætlaðir til að sýna að jafnvel litlar fjárhæðir skipta miklu máli fyrir söfnin. Markmiðið er að það verði á vitorði sem flestra að bókasöfn grunnskólanna eru hornsteinn lestrarhvatningar íslenskra barna.



Úr bókasafni Oddeyrarskóla

Í næstu tölublöðum Skóla - akurs verður fjallað um þær stjórnkerfisbreytingar sem samþykktar voru í bæjarstjórn Akureyrar þann 17. apríl s.l. Í þessu tölublaði verður fjallað um sameiningu leikskóla og dreifstýringu.



Stjórnkerfisbreytingarnar fela í sér að stærð leikskóla verði miðuð við 90 - 150 börn. Er þar tekið mið af útreikningum á hagkvæmni sem fæst í rekstri skóla af þessari stærð og þeirri reynslu sem fengist hefur af faglegu starfi skólanna, sem gefið hefur góða raun. Með sameiningu er gert ráð fyrir fjárhagslegri hagræðingu sem nemur 16 milljónum króna á ári. Til að ná þessum áfanga verða leikskólarnir Flúðir og Pálmholt sameinaðir haustið 2012 og leikskólarnir Holtakot og Síðusel verða sameinaðir síðar á þessu ári þar sem leikskólastjóri Holtakots lætur af störfum 1. ágúst að eigin ósk.

Við sameiningu Flúða og Pálmholts verður til leikskóli fyrir um 140 börn. Skólarnir eru á sömu lóð en ekki er gert ráð fyrir breytingum á innri starfsemi skólanna a.m.k. fyrsta veturinn í sameinuðum skóla. Leikskólastjórum og aðstoðarleikskólastjórum Flúða og Pálmholts hefur verið sagt upp og auglýst hefur verið eftir nýjum stjórnendum sameinaðs skóla. Umsóknarfrestur er til 15. maí 2012 og taka nýir stjórnendur til starfa eigi síðar en 1. ágúst n.k. Þegar horft var til sameiningar réði staðsetning skólanna miklu, ásamt því að innra starf skólanna er í mörgu líkt. Báðir skólarnir hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi, eru Grænfanaskólar og vinna með SMT skólafærni.

Til að takast á við sameininguna hefur verið ákveðið að greiða fyrir starfsmannafundi allt að 8 klst. utan dagvinnutíma á hvern starfsmann, stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra verður aukið úr 50% í 90% og stjórnendum verður veitt ráðgjöf og stuðningur til að móta stjórnkerfi og starf í nýjum skóla með tilliti til aðalnámskrár leikskóla, menningar beggja skólanna og aðstæðna í hinum nýja skóla. Unnið verður eftir þróunaráætlun sem mótuð er af starfsfólki og nýjum stjórnendum. Áhersla verður lögð á mótun sýnar og stefnu hins nýja skóla og horft til styrkleika skólasamfélagsins og þeirra tækifæra sem skólinn getur nýtt sér. Lögð verður áhersla á að starfsfólk skólanna og foreldrar séu þátttakendur í þessu ferli. Þá mun skólunum standa til boða handleiðsla við gerð skólanámskrár.

Með sameiningu Síðusels og Holtakots verður til skóli fyrir um 100 börn. Skólinn verður með þessar tvær starfstöðvar í næstu framtíð. Þessi sameining verður framkvæmd þegar tækifæri gefst, t.d. þegar annar hvor leikskólastjóri lætur af störfum.

Aðrar breytingar í leikskólamálu verða þær helstar að gert er ráð fyrir að byggður verði leikskóli á lóð vestan Síðuskóla og starfsemi Krógabóls flutt þangað, þegar leigusamningur við Glerárkirkju rennur út. Miðað er við að skólinn verði um 120 barna skóli. Horft er til möguleika á að byggt verði við húsnæði Síðusels og Lundarsels þannig að þar verði 90 - 100 börn í hvorum skóla, en lóðir beggja skólanna leyfa stækkun ef þurfa þykir. Loks var samþykkt að leikskólarými í Sunnubóli verði flutt í nýjan leikskóla í Naustahverfi þegar hann rís.

Verið er að skoða hvenær af þessu verður. Umfjöllun um dreifstýringu er á bls. 2.

Átaksverkefni á skóladeild.

Skólanefnd hefur ráðið til starfa tvo verkefnisstjóra til að leiða átaksverkefni sem snúast um að skoða nýjar leiðir og hefja uppbyggingu á nýjum forsendum. Annað verkefnið snýst um að kanna nýjustu þekkingu á áhrifum mataræðis og efna á ýmis frávík hjá börnum s.s. ADHD, einhverfu, hegðunarörðugleika, námserfiðleika o.s.frv. Niðurstaða verkefnisins gæti leitt til breytinga á mataræði sumra barna eða jafnvel allra í formi breytinga á matseðlum skólanna. Verkefnisstjóri er Friðný Hrönn Helgadóttir.

Hitt verkefnið snýr að því að leita leiða til að koma á frístundaskóla fyrir börn á aldrinum 6 - 10 ára, þar sem sinnt væri íþrótt-, tómtunda- og listastarfi ýmiskonar. Er hugsunin sú að börn á þessum aldri hafi þar með lokið starfdegi sínum á svipuðum tíma og foreldrar þeirra. Þetta verkefni verður unnið í miklu samstarfi við samfélags- og mannréttindaráð og íþróttaráð. Verkefnisstjóri er Sólveig Jónasdóttir.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is.

Ritstjóri 9. tbl. 6. árgangs Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi á skóladeild Akureyrarbæjar. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Dreifstýring í leikskólum.

Stjórnkerfisbreytingarnar fela í sér að dreifstýring verður aukin í leikskólum. Í dreifstýringu felst að vald er fært til stofnunar og ábyrgð þar aukin. Skólar móta stefnu sína eins og verið hefur. Þeir fá aukið svigrúm til að ráðstafa úthlutuðu fjármagni. Í þessu felst m.a. að ákveða fyrirkomulag stjórnunar í skólanum þ.e. hvort núverandi fyrirkomulagi með deildarstjórum verði haldið áfram eða því breytt á einhvern hátt. Skólastjórinn fær ákveðna upphæð til ráðstöfunar sem hann ásamt stjórnunarteymi sínu og í samráði við starfsmenn og foreldraráð ákveður hvernig skuli nýtt. Tekið skal mið af þeirri þjónustu sem skólinn á að veita s.s. lágmarksfjölda barna, lágmarks skólatíma, mönnun, kennslu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu, gjaldskrá, fyrirkomulag hádegisverða og lokunar vegna sumarleyfa.

Skólarnir setja fram stefnu um uppléð og kennslu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Þeir hafa svigrúm til að:

- Skipuleggja og setja stefnu um kennslu og umönnun
- Setja aga- og þjónustustefnu.
- Skipuleggja stjórnun skólans sem verði staðfest af skólanefnd.
- Ákveða hvernig rými verður nýtt miðað við barnafjölda og aldur barna. Skólar geta haft fleiri börn og fá þá auknar tekjur til ráðstöfunar.
- Ákveða hvort boðið er upp á lengri skóladag en 8,5 klst. Gjöld þurfa þá að standa undir kostnaði.
- Ákvarða sveigjanleika í vistun.
- Ákveða mönnun miðað við laga- og fjárhagsramma.
- Ákveða fyrirkomulag á morgun- og síðdegishressingu.
- Skipuleggja og móta skólalóð miðað við samþykktar fjárveitingar.

Freka svigrúm ræðst af því hvernig stjórnendur nýta þau tækifæri sem í þessum hugmyndum felast. Þetta getur leitt til þess að þjónusta leikskóla verður mismunandi, en gefur einnig hugmyndaþróun stjórnendum og starfsmannahópum tækifæri til að leita nýrra og árangursríkra leiða sem aðrir geta lært af. Það er löngu ljóst að þeir sem næstir eru vettvangi finna oft bestu leiðirnar, fá þeir svigrúm og tækifæri til þess. Öllu valdi fylgir ábyrgð og verður áfram fylgst vel með rekstri skólanna og þeim veitt leiðbeining og ráðgjöf um öll málefni eftir þörfum og aðstæðum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skóladeildar

<http://www.akureyri.is/skoladeild/endurskodun-a-stjornkerfi>

Uppskeruhátíð leik- og grunnskóla.

Leik- og grunnskólanemendur eru nú í vikunni að setja upp sýningar á verkum sem unnin hafa verið í vetur í skólunum. Sýningar verða úti um allan bæ og verður sérstakur hátíðardagur þann 16. maí þar sem nemendur munu vera með viðburði í Hofi, á Ráðhústorgi og í göngugötunni og víðar í miðbænum.

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar hafa nemendur í öllum skólum Akureyrar búið til og skreytt borða með áletruninni: **TIL HAMINGJU AKUREYRI**. Borðinn var hengdur upp á upphafsdegi uppskeruhátíðarinnar neðst í Listagilinu.

Dagskrá fyrir hátíðardaginn 16. maí kemur upp á næstu dögum á heimasíðu skóladeildar en hér neðar má sjá yfirlit yfir sýningarstaði leik- og grunnskóla dagana 7. – 21. maí.

Yfirlit yfir sýningarstaði:

Brekuskóli – Ráðhúsið, Geislagata 9

Flúðir – Íslandsbanki, Skipagata 14

Giljaskóli – Glerártorg

Glerárskóli – Lystigarðurinn og Icelandair Hótel, Þingvallastræti 23

Grimseyjarskóli – Heilsugæslustöðin, Hafnarstræti 99

Hlíðaból – Útilistaverk á girðingu við Sundlaug Akureyrar sem snýr að Þórunnarstræti

Hlíðarskóli – Penninn/Eymundsson, Hafnarstræti 91-93

Holtakot – Heilsugæslustöðin, Hafnarstræti 99

Hólmasól – Sundlaug Akureyrar og Icelandair Hótel Akureyri

Hríseyjarskóli – Glerártorg

Iðavöllur – Sýning og opið hús á Iðavelli 16. maí, Gránufélagsgata

Kiðagil – Deiglan, Kaupvangsstræti 12

Krógaból – Amtsbókasafnið, Brekkugata 17



3. bekkur Glerárskóla með fuglahús sem nemendur útbjuggu í samvinnu við heimili sín. Fuglahúsin koma til með að gleðja fugla og aðra gesti í Lystigarðinum næstu daga.

Lundarsel – Arion banki, Geislagata 5

Lundarskóli – Landsbankinn, Strandgata 1

Oddeyrarskóli – Flugstöðin, Akureyrarflugvöllur

Naustaskóli – Deiglan, Kaupvangsstræti 12

Naustatjörn – Akureyrarkirkja, safnaðarheimilið

Pálmholt – Heilsugæslustöðin, Hafnarstræti 99

Síðusel – Glerártorg

Síðuskóli – Dvalarheimilið Hlíð, Austurbyggð 17

Sunnuból – Gleráarkirkja, Bugðusiðu 3

Tröllaborgir – Bláa kannan, Hafnarstræti 96

Einnig verða sýningar á verkum nemenda í Populus tremula helgina 19. og 20. maí og í GalleriBOX dagana 14. – 17. maí.

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 24. maí 2012